



Persónuvernd  
Rauðarárstígur 10  
105 REYKJAVÍK

***Aðgerðir til að auka kjörsókn tiltekinna hópa og rannsókn tengd hluta af þeim aðgerðum.***

Í bréfi Persónuverndar 18. maí voru nokkuð vel reifaðar aðgerðir Reykjavíkurborgar til að auka kjörsókn tiltekinna hópa, sem og rannsókn sem rannsakendur við Háskóla Íslands vinna að samhliða aðgerðunum.

Í bréfinu var lýst fyrirkomulagi bréfasendinga til ungra kjósenda, skiptingu ungra kjósenda í fimm hópa var, og greiningu eftir kjördeildum, þar á meðal að skipulag rannsóknarinnar gerir kleift að meta áhrif bréfanna án þess að rannsakendur eða Reykjavíkurborg hafi á nokkru stigi persónugreinanlegar upplýsinga um kjörsókn undir höndum. Þetta skipulag hefur í för með sér að hagnunir hins skráða af trúnaði um kjörsókn koma ekki til álita, þar sem öll meðhöndlun persónugreinanlegra upplýsinga um kjörsókn verður á höndum Hagstofu sem hefur lögboðnar skyldur til að vinna með þær upplýsingar óháð aðgerðunum eða rannsókninni.

Fyrirkomulag bréfasendinga til innflytjenda og kvenna yfir áttæðu verður með mjög svipuðum hætti og til ungra kjósenda, fyrir utan að þær bréfasendingar eru ekki hluti af rannsókninni og því verður ekki um að ræða að skipta kjósendum í slembna hópa (allir innflytjendur fá sama bréf og allar konur yfir áttæðu fá sama bréf). Bréfin sem send verða til þessara hópa hafa nú verið send til Persónuverndar.

Af bréfi Persónuverndar má ráða að lýsing aðstandenda á áætluðu fyrirkomulagi SMS sendinga hafi ekki verið nægilega ítarlega lýst í fyrri erindum og er því rétt að lýsa fyrirkomulaginu hér.

Ráðgert er að á kjördag verði send út smáskilaboð með upplýsingatexta á unga kjósendur sem hafa ekki áður haft kosningarétt til sveitastjórnakosinga. Efni smáskilaboðanna verði eftirfarandi:

*Í dag eru sveitastjórnarkosningar. Þú hefur kosningarétt og þinn kjörstaður er <<Kjörstaður>> (sjá kort <<Hlekkur á kort af kjörstað>>). Það er auðvelt að kjósa, en mundu eftir skilríkjum!  
[sent af Reykjavíkurborg]*

Sending smáskilaboða er hluti af rannsókninni, því verður ungum kjósendum skipt í slembna hópa eftir kjördeildum með sama hætti og fyrir bréfasendingarnar (en þó ekki sömu hópa), þannig að um helmingur kjósenda fær smáskilaboð en ekki hinn helmingurinn.

Við mat á hagsmunum tengdum vinnslu persónuupplýsinga vegna aðgerðanna og rannsóknarinnar er í grundvallaratriðum þrennt sem kemur til álita:

1. Almannahagsmunir af því að skilja lága og minnkanndi kjörsókn ungra kjósenda og annarra hópa, og bregðast við henni. Mat aðstandenda er að þessir hagsmunir séu verulegir, má þar vísa til erlendra rannsókna þótt ekki gefist tóm hér til að fjalla ítarlega um þær hér.
2. Hagsmunir hins skráða af því að fá ekki óumbeðnar bréfa- eða smáskilaboðasendingar. Þessir hagsmunir eru raunverulegir, en mat aðstandenda er þó að þeir séu óverulegir.
3. Hagsmunir hins skráða af því að fá sem gleggstar upplýsingar um kosningarnar og fyrirkomulag þeirra. Mat aðstandendur er á að þeir hagsmunir séu talsverðir. Það er þó ekki óumdeilt, og því telja aðstandendur mjög mikilvægt að framkvæma eins nákvæma rannsókn og mögulegt er á þessum aðgerðum. Einungis með því móti er tryggt að umfjöllun og ákvarðanir um fyrirkomulag slíkrar upplýsingagjafar í til framtíðar verði tekin á grundvelli bestu mögulegu upplýsinga.

Að endingu má nefna að í bréfi Persónuverndar er fjallað um gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga og inngrip í tengslum við rannsóknir. Í ljósi þess að það inngrip sem hér um ræðir er mjög takmarkað og snýr að afmörkuðum samskiptum við kjósendur, væri mjög torvelt að upplýsa alla þessa aðila um vinnsluna nema með frekari samskiptum sem yrðu bæði kostnaðarsöm og myndu auk þess rýra mjög upplýsingagildi þeirra niðurstaðna sem vonast er til að verði af rannsókninni. Því er það mat aðstandenda að gagnsæishagsmunir verði að skoðast í samhengi við aðra þá hagsmuni sem að ofan eru taldir. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands hefur einnig fjallað um þetta tiltekna atriði, metið það svo að það sé í samræmi við skilyrði vísindasiðareglur, og gefið rannsókninni jákvæða umsögn.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar og rannsakenda,

Afrit sent Hagstofu, Dómsmálaráðuneyti og Umboðsmanni Alþingis

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir, Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar  
Hulda Þórisdóttir, Lektor við Háskóla Íslands

Magnús Þór Torfason, Lektor við Háskóla Íslands